

Á ég að taka inneign út í einu lagi?

Með breytingu á lífeyrissjóðalögunum í desember 2008 var sjóðfélögum heimilað að taka út inneign í séreignarsjóði í einu lagi við 60 ára aldur í stað þess að dreifa úttektinni á sjö ár til 67 ára aldurs eins og var áður.

Frumkvæðið að þessari breytingu kom frá Almenna lífeyrissjóðnum. Reynsla okkar hefur alltaf verið sú að sjóðfélagar, sem eiga inneign sem skiptir máli, eru ekkert að flýta sér að taka hana út og dreifa úttektinni yfirleitt á lengri tíma en 7 ár. Fyrir þá sem eiga litla inneign skiptir þessi breyting hins vegar miklu máli því lág inneign nýtist illa ef sjóðfélagi þarf að dreifa úttektinni á langt tímabil. Af þessum ástæðum lögðum við til að heimildir til úttektar yrðu rýmkaðar.

Eftir að lögunum var breytt hafa margir tekið inneign sína út af ótta við að tekjuskattur verði hækkaður. Við úttekt er greiddur tekjuskattur af útborgunum eins og hverjum öðrum tekjum og því er margt sem bendir til að það sé betra að taka inneignina út ef fyrirsjáanlegt er að tekjuskattur hækkar. En það eru fleiri atriði sem hafa áhrif á þessa ákvörðun og ráða því hvort það borgar sig að taka inneignina út í einu lagi. Í þessari grein er farið yfir þau en taflan sýnir tékklista sem gott er að fara yfir þegar þessi mál eru skoðuð.


Tékklisti	Á ég að taka inneign út í einu lagi?
Öbreyttir skattar	Nei
Fjármagnstekjuskattur hækkar	Nei
Tekjuskattur hækkar	Já, ef hækkun er 2% eða meiri
Eg fæ tekjutryggingu eða sé fram á að fá tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins	Nei
Eg á ekki von á að klára að ganga á eignir áður en ég fell frá	Nei

Skattalega hagkvæmur sparnaður

Um séreignarsparnað (viðbótarlífeyrissparnað) gilda mjög hagstæðar skattareglur. Skattalegt hagræði felst í því að ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum. Í samanburði við hefðbundinn sparnað skiptir þetta miklu máli. Þegar sjóðfélagi tekur ákvörðun um að taka inneign í séreignarsjóði út í einu lagi og umbreyta í hefðbundinn sparnað er þetta fyrsta atriðið sem þarf að skoða. Það gildir líka þegar sjóðfélagi ákveður hvort hann eigi að ganga eigi fyrst á séreignarsparnað eða hefðbundinn sparnað.

Margir halda að séreignarsparnaður sé óhagkvæmur af því að sjóðfélagar greiða tekjuskatt af útborgunum. Hluti af inneign eru vextir og því álykta margir sem svo skattaleg meðferð séreignarsparnaðar sé ósanngjörn. Þetta er misskilningur því að sparnaðurinn var lagður inn óskattlagður sem þýðir að tekjuskattgreiðslum var frestað. Þegar sparnaðurinn er greiddur út greiða sjóðfélagar tekjuskattinn. Í raun fær ríkið ávöxtun á frestaða tekjuskatta

Til að bera saman skattalegt hagræði af séreignarsparnaði og hefðbundnum sparnaði er einfaldast að líta á inneign í séreignarsjóði sem tvískipta, þ.e. hlut sjóðfélagans og ógreidda skatta. Ef hlutur sjóðfélagans er ávaxtaður áfram í séreignarsjóði sleppur sjóðfélaginn við að greiða fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum. Ef sjóðfélaginn tekur inneignina út og leggur andvirðið inn á bankareikning greiðir sjóðfélaginn hins vegar fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum. Myndin sýnir samanburð á séreignarsparnaði og hefðbundnum sparnaði miðað við mismunandi fjármagnstekjuskatt.




Á myndinni er reiknaður mismunur af inneign upp á eina milljón en miðað við 10% fjármagnstekjuskatt munar 40.000 kr. á 10 árum. Ef inneign er meiri eykst mismunurinn hlutfallslega og má sem dæmi nefna að mismunurinn er 400.000 kr. ef inneignin eru 10 milljónir.

Ef skattar haldast óbreyttir þá er hagstæðara að eiga séreignarsparnað heldur en hefðbundinn sparnað með tilliti til skattgreiðslna. Ef fjármagnstekjuskattur verður hækkaður þá eykur það á skattalegt hagræði séreignarsparnaðarins.

Hvað ef tekjuskattar hækka?

Við útborgun inneignar í séreignarsjóði er greiddur tekjuskattur af útborgunum. Hjá því verður aldrei komist nema ef sjóðfélagi á ónýttan persónuafslátt sem hann getur notað til frádráttar. Ef sjóðfélagi á ónýttan persónuafslátt við úttekt eða sér fram á að það að á einhverju tímabili í framtíðinni geti hann nýtt persónuafsláttinn við úttekt þá er það mjög skattalega hagkvæmt. Í slíkum tilvikum ættu sjóðfélagar að geyma eða fresta útborgunum þangað til og ekki taka inneignina út í einu lagi.

Ef sjóðfélagi reiknar með hækkun tekjuskatts minnkar skattalegt hagræði séreignarsparnaðarins. Myndin fyrir neðan sýnir að skattalegur ávinningur hverfur þegar tekjuskattsprósentan fer yfir 39%.



Hér er reiknað með 10 ára eignarhaldstíma eða að sjóðfélagi þurfi ekki að nota inneignina á næstu 10 árum. Ef sjóðfélagi hyggst nota inneignina fyrr eru áhrifin minni af skattalegu hagræði séreignarsparnaðar.

Tekjutrygging

Fyrir þá sem fá tekjutryggingu frá almannatryggingum eða reikna með að fá hana eftir 67 ára aldur skiptir máli hvort eftirlaunasparnaður er séreignarsparnaður eða hefðbundinn sparnaður. Síðan 1. janúar 2009 hefur útborgun úr séreignarsjóði ekki áhrif á greiðslu tekjutryggingar frá Tryggingastofnun en fjármagnstekjur af hefðbundnum sparnaði koma hins vegar 100% til frádráttar tekjutryggingunni eftir 98.640 kr. fritekjumark. Þeir sem eiga lítil lífeyrisréttindi eða fá eða reikna með tekjutryggingunni ættu því alls ekki að taka inneign í séreignarsjóði út í einu lagi þrátt fyrir að þeir reikni með að tekjuskattur hækkar nema ef þeir hyggjast eyða inneigninni fyrir 67 ára aldur. Ef þeir eiga annan hefðbundinn sparnað borgar sig í öllu falli að eyða honum fyrst.

Erfðafjárskattur

Einn af kostum séreignarsparnaðar er að ekki er greiddur erfðafjárskattur ef inneign erfist til maka eða barna. Erfðafjárskattur er 5% af eignum dánarbús þó þannig að af fyrstu 1 milljóninni greiðist ekki erfðafjárskattur. Undanþegin erfðafjárskatti eru maki, sambýlismaður eða kona.

Ef sjóðfélagi á annan sparnað hefur erfðafjárskatturinn áhrif á ákvörðun hans. Það getur verið skynsamlegt að ganga fyrst á annan sparnað og enda á séreignarsjóðnum því ef hann fellur frá sparnaðinum greiðist minni erfðafjárskattur af séreignarsparnaðinum.

Sömu ávöxtunarmöguleikar

Í dæmunum hér að ofan er reiknað með sömu ávöxtun á séreignarsparnaði og hefðbundnum sparnaði. Það er eðlileg forsenda því sjóðfélagar í séreignarsjóðum geta valið flestar ávöxtunarleiðir sem bjóðast fyrir hefðbundinn sparnað.